

# Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum V 2017

## Möguleg verkefni

Hér fyrir neðan koma nokkrar tillögur að verkefnum.

### Yfirlit

Á námskeiðinu er þátttakendum boðið að vinna verkefni sem eru til þess fallin að hjálpa þeim að ná valdi á hæfniviðmiðum námskeiðsins. Sum verkefnin vinna allir, önnur eru valkvæð. Verkefnin tengjast öll hagnýtri útfærslu, en jafnframt er reiknað með fræðilegri ígrundun við svo til öll þeirra. Enda er eitt aðal markmið námskeiðsins að þátttakendur geti í lok þess rökstutt skipulag og framkvæmd fræðslustarfsemi sína.

Verkefni sem allir vinna (75% af einkunn):

- A. **Skipulagning Námsframboðs** / Námskeiðs – gerð námskeiðsmöppu (45%)
- B. Skrifa **markmið** fyrir námskeið / námsferli (5%)
- C. **Sjálfsmat** (5%)
- D. **Skipulagning námsferlis** með ólíkum aðferðum (10%)
- E. **Þátttaka í samvinnu á vefnum** (10%)

Valkvæð verkefni (25% af einkunn. Raðið þessum verkefnum þannig að þið náðið upp í 100%)

- F. Skrifa námskeiðslýsingu (hluti af námskeiðsmöppunni)
- G. Skrifaðu **bókarýni** (15%)
- H. Kynntu **þema** á veffundum (5-10%)
- I. Lýstu **rannsóknargrein** (5-10%)
- J. **Kennsluæfing** (5-10%)
- K. Skrifaðu **Aðferðalýsingu** (5%)
- L. **Taktu þátt** í stuttu námsferli (5%)
- M. **Þjónustuverkefni** (5%)
  - Skipuleggja og stýra veffundum
  - Stýra tæknimálum: Útsendingar af veffundum, frágangur upptaka o.s.frv.
  - Skrifa fundargerð eftir staðlotu eða eftir þrjá fundum (gott að vinna tveir og tveir saman)
  - Styðja við og leiða umræður á umræðuþráðum

[Skráið val ykkar hér](#)

[ATH vinsamlega lesið þetta um verkefnaskil](#)

## A. Útbúa námskeiðsmöppu

### Tilgangur

Þátttakendur fara í gegnum það ferli að skipuleggja námskeið frá upphafi til enda og eiga að þessu námskeiði loknu tilbúið námskeið sem þeir geta haldið við tækifæri. Með þessu móti ættu þeir að ná öllum helstu markmiðum námskeiðsins í einu verkefni.

### Lýsing

Skipulegðu námskeið. Útbúðu námskeiðsmöppu skv. sérstöku sniðmáti sem þú getur sótt þér á námskeiðsvefinn og nýttu þér hugmyndir úr lesefni námskeiðsins og öðru sem þú nærð í. Námskeiðið þarf að vera svo til tilbúið að halda það, nema þú þarft ekki endilega að hafa útfært alla innihaldslegu þættina, frekar en þú vilt.

Á viðeigandi stöðum í möppunni þarf að vera blað með einkennandi lit (t.d. gult), þar sem þú skrifar **kennslufræðilegan rökstuðning** fyrir því sem þú ert að gera til dæmis: Hvers vegna velur þú tiltekna uppröðun í stofu? Hvers vegna velur þú tiltekna röð atburða, dagskrá, aðferð...? Hverju viltu ná fram? Hvers vegna er þessi aðferð til þess fallin? Hvaða mannskilning felur hún í sér? o.s.frv. **Í þessum hluta sýnið þið kennaranum að þið hafið lesið og skilið námsefnið**

- Það er ljóst að þið nýtið ykkur hugmyndir og kenningar um nám og kennslu fullorðinna við útfærslu og rökstuðning
- Þið nýtið ykkur kenningar, aðferðir og venjur í tengslum við skipulagningu náms (fyrir fullorðna) við skipulagningu námskeiðsins og við rökstuðninginn. **Reiknað er með að heimildir námskeiðsins séu nýttar við rökstuðninginn.**
- Við **tilvitnanir og tilvísanir** í heimildir styðjist þið við viðurkenndar hefðir innan vísindasamfélagsins. (Við menntavísindasvið er reiknað með að nemendur noti [APA staðalinn](#). Nemendur menntaðir þar sem aðrir staðlar voru notaðir við skráningu heimilda nota þá staðla sem þeir eru vanir – sjá t.d. [Chicago staðalinn](#)). Leiðbeiningar Hróbjarts um fræðileg skrif má finna á vefnum [namfullorðinna.is](#) (Lestu þær!)

- **Magn...** Hugmyndin er að þið skrifið A) nokkrar síður til að lýsa hugsuninni að baki námskeiðinu, skipulaginu og fyrst og fremst *rökstyðja* skipulagið í heild sinni (Það þarf örugglega 3-5 síður í þetta) og B) c.a. eina síðu í hverju tilfalli um einstaka þætti námskeiðsins: Uppröðun í stofunni, upphaf, áætlun um heimfærslu, tiltekin verkefni, námsmatsaðferð, endir námskeiðsins eða eitthvað annað sem þig langar til að rökstyðja. Þetta ættu að vera amk. 5 atriði samtals amk. 5 síður. Þá er ein síða í heimildaská fyrir allt saman, þannig að við erum að tala um 9-12 síður.

(Ef þú sérð alls ekki fram á að þú munir nokkur tíma kenna námskeið, skalt þú skipuleggja heilt misseri hjá fræðslustofnun sem þú vinnur hjá. Þá þarftu að velja námskeið, kennara, áherslur og annað sem þú ætlast til af kennurum og rökstyðja það með rökum frá Gagné og öðrum bókum sem taka fyrir skipulagningu á þessu stigi. Sbr. þýska hugtakið: „Megadidaktik“ eða Strategic planning en verkefnið þarf að innihalda samskonar kennslufræðilegan rökstuðning, nú verður þú að sækja hann í námskráfræðina, mannskilninginn, kennslufræðina o.s.frv.)

### Námsmat

Útfærsla, sjálfstæði í hugsun og skipulagi og rökstuðningur. Þátttakendur fá gátlista sem er notaður við námsmat. [Sjá gátlistann sem er notaður við námsmat](#)

Þegar verkefninu er skilað býðst möguleiki á **leiðsagnarmati** fyrir kennslufræðilega rökstuðninginn. Þá eru þátttakendur beðnir um að senda rafrænt eintak af rökstuðningnum líka. Nokkrum dögum síðar koma viðbörðin til baka og þá er hægt að laga hann samkvæmt ábendingum og skila í lok misseris til einkunnagjafar.

Nánari upplýsingar:

- [Gátlistinn sem er notaður við námsmat](#)
- [Myndskeið um möppuna](#)
- [Leiðbeiningar um námskeiðsmöppuna í blogg færslu](#)
- [Mappan með sniðmátum ofl.](#)

### Skiladagar:

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)

## B. Skrifaðu markmið

Samvinna um verkfnið fer fram í vikunni: \_\_\_\_\_

### Tilgangur

Æfing í því að skrifa og meta námsmarkmið

### Lýsing

Skrifaðu amk. þrjú markmið fyrir námskeiðið þitt og skilaðu þeim í einu í TurnitIn

Þegar þú skipuleggur kennslu hefur það sem þú gerir iðulega þann tilgang að hjálpa fólki að læra eitthvað. Markmið kennslunnar er að eftir hana vita, kunna og/eða geta þátttakendur eitthvað nýtt, eða betur en áður. Það sem við ætlum að skoða núna er hvernig þú skrifar markmið fyrir kennsluna, og hvernig **vel orðuð markmið** geta hjálpað þér að kenna og nemendum að læra.

Hér ætlum við sem sagt að skoða einn afmarkaðan þátt þess að skipuleggja nám, en það er að skrifa markmið námsins.

Hvað getur þú gert til að ná valdi á því að skrifa markmið?

- Þú gætir hlustað á stuttan fyrirlestur: [Fyrirlestur um markmið](#) (20 mín)
- Lesið [bók Magers um markmið](#).
- Einnig lesið um [markmið](#) í bókinni **Að mörgu er að hyggja** eftir Ingvar Sigurgeirsson
- Lesið um markmið í bók Robert Gagné: [Principles of Instructional Design](#)
- Lesið annað efni sem þú kemst yfir um ritun markmiða t.d.:
  - [Diigo](#) listinn [minn um markmið](#)
  - [Robert Mager: Preparing Instructional Objectives](#) á Gegni eða Hjá [Amazon](#), (hægt að fletta bókinni á vefnum hjá Amazon) Ljósrit af 1 & 4. Kafla er að finna á Moodle, Bókin er til á ensku á næstum öllum bókasöfnum og norsku á sumum bókasöfnum.)
  - [MAGER'S TIPS ON INSTRUCTIONAL OBJECTIVES](#) Útdráttur úr bók Magers um atferlismarkmið
  - [ID learning objectives - Wikiversity](#) Nokkuð skýr framsetning á ritun atferlismarkmiða (í anda Robert Magers - ath þetta er n.k. námskeið.)
- Leit á netinu: [Íslenska](#), [enska](#) [fræðilegar greinar](#)

Þegar þú hefur lesið þig til um markmið og finnst þú vera búin/n að átta þig á því mikilvægasta skaltu velja þér mjög afmarkaðan hluta námskeiðins sem þú ætlar að undirbúa og skrifa nokkur markmið fyrir hann.

Skrifaðu svo nokkur markmið (amk 3) á vefinn okkar: **eitt markmið í hvern þráð**, til að gefa okkur tækfæri til að hjálpa þér með verkefnið.

Svo skaltu bregðast við amk. þremur markmiðum bekkjarsystkina á vefnum, hjálpaðu þeim að bæta markmiðin sín í samræmi við fyrirmælin:

- Er **athöfnin** skýr og sýnileg? Gætir þú séð nemandann GERA það sem athöfnin lýsir?
- Koma fram **skilyrði** fyrir athöfninni? Er skráð undir hvaða kringumstæðum frammistaðan á að fara fram t.d.: Án hjálpargagna, Standandi, á vettvangi...?
- Eru **mælikvarðarnir** skiljanlegir og mælanlegir? Er lýsing í markmiðinu á því hvað er ásættanlegur árangur? T.d.: "telur upp (athöfn) án hjálpargagna (skilyrði) 10 (mælikvarði) höfuðborgir í Evrópu" eða "Hjólar (athöfn) án hjálpardekkja og óstudd/ur (skilyrði) 200 metra án þess að detta (mælikvarðinn)

**Að lokum** skaltu skrifa yfirmarkmið fyrir námskeiðið þitt og þrjú atferlismarkmið og skila þeim í snyrtilegu PDF skjali

### Námssmat:

Ég skoða hvort þú skrifaðir þrjú markmið. Inniheldur hvert markmið greinilega ATHÖFN, SKILYRÐI og MÆLIKVARÐA? Hjápar þú amk. þremur samnemendum? Hvernig rökstyður þú athugasemdir þínar við samstúdenta þína?

- Er athöfnin skýr og sýnileg? 25%
- Koma fram skilyrði fyrir athöfninni? 25%
- Eru mælikvarðarnir skiljanlegir og mælanlegir? 25%
- Hjálpaðir þú amk. þremur bekkjarsystkinum með markmiðin í umræðuþráðunum? 25%

### Skiladagur:

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)

## C. Sjálfsmat

Stutt skýrsla (1-2 bls.) um þín eigin markmið á námskeiðinu, hæfniviðmið námskeiðsins, hvað þú gerðir til að ná þeim og hvernig þér tókst til.

Námsmat er fyrst og fremst byggt á

**rökstuðningi þínum og þælingum:**

- Einkunn 7 fyrir góða upptalningu
- Einkunn 8+ fyrir góðan sjálfstæðan rökstuðning

## D. Skipulagning námsferlis með ólíkum aðferðum

**Þetta er hópaverkefni sem allir taka þátt í á seinni hluta námskeiðsins.**

Taktu þátt í að skipuleggja "Ímyndað" námskeið þar sem þú notar tiltekna aðferð. Hópurinn útbýr kynningu á þessari nálgun og meðlimir hópsins nýta sér vinnuna til að undirbúa sín eigin námskeið.

### Tilgangur

Þátttakendur kynna sér og prófa ólíkar nálganir við það að skipuleggja nám fyrir fullorðna.

Þeir æfast í því að finna aðalatriði hugmynda / aðferðar / nálgunar eða kenningar og miðla því.

Þátttakendur þjálfast í því að nota vefinn til að koma náms- og kennsluefni á framfæri við aðra.

### Lýsing

Þátttakendur velja sér eina nálgun og vinna með hópi samnemenda sinna við að skipuleggja ímyndað námskeið fyrir tiltekinn markhóp – ímyndaðan eða raunverulegan. Um er að ræða þrjár ólíkar nálganir

- **Hefðbundin nálgun** byggð á kennslufræði fullorðinna (Byggir á því sem er lýst í bók Gagné, Mager og Caffarella)
- **Business Model Generation** – Námskeiðshönnunin fær á sig mynd hönnunar viðskiptalíkans, enda á námskeiðið að mæta ákveðinni þörf markhóps, leiða til einhvers "ávinnings" fyrir þátttakendur og jafnvel tekna fyrir þann sem býður námskeiðið
- **Design Thinking:** Við notum aðferðir hönnunar til að hanna námskeið

### Niðurstaða

Þátttakendur hafa í höndunum efnivið sem þeir geta notað við að skipuleggja eigið námskeið

Þátttakendur skrifa saman 2 stuttar kynningar um það sem þeir lærðu við það að skipuleggja námskeiðið:

A) Nálgunin (5 mínútur)

Stutt lýsing á nálguninni

B) Ferlið og niðurstaðan (10-15 mínútur)

- Lýsing á ferlinu
- Ígrundun um ferlið og það sem þátttakendur lærðu við vinnuna
- Lýsing á námskeiðinu sem varð til

Þið komið þessu á framfæri við samnemendur

a) Með því að vista glærur eða annað efni á [Slideshare](#) eða [Prezi](#) og

b) kynna niðurstöðuna á vefundi fyrir samnemendum sínum eða taka kynninguna upp, vista hana á YouTube og setja á vefinn, og nota svo Veffund til að ræða málin.

Reiknað er með að nemendur noti svo þessa vinnu til að vera betur í stakk búnir til að skipuleggja sjálfir sitt eigið námskeið.

### Námsmat

- Er kynningarefnið vistað á aðgengilegu stað á vefnum (Slideshare, Prezi, Youtube eða svipað...)?
- Kynningin á nálguninni:
  - er á bilinu 4-8 mínútna löng
  - lýsir nálguninni á skýran og greinargóðan hátt
  - inniheldur öll helstu atriði
  - án málalenginga
  - flutningur er skýr og skiljanlegur
  - framsetning á kynningargögnum (glærum / prezi kynningu / hugarkorti) er snyrtileg, áhugaverð að horfa á og fagmannlega unnin.
- Kynning á ferlinu
  - er á bilinu 10-15 mínútur
  - inniheldur helstu skref á leiðinni.
  - er skýrt framsett
  - ígrundun er upp. helmingur kynningarinnar
  - ígrundun sýnir að hópmeðlimir hafa velt fyrir sér aðferðinni, myndað sér skoðanir og geta rökstutt þær - líka með tilvísunum í fræði og jafnvel rannsóknir
  - án málalenginga
  - flutningur er skýr og skiljanlegur
  - framsetning á kynningargögnum (glærum / prezi kynningu / hugarkorti) er snyrtileg, áhugaverð að horfa á og fagmannlega unnin.

### Skiladagur:

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)

## E. Þátttaka

Allir taka virkan þátt í því sem gerist á námskeiðsvefjum námskeiðsins (Facebook, námskeiðsvefnum og námsbrautarvefnum) og skila þremur „skýrslum“ um þessa þátttöku.

Við lærum best á með því að hjálpast að. Og flest ykkar stefnið að því að vera leiðtoga á einhverju sviði. Þess vegna er kjörið tækifæri að æfa sig í því að not tækifærið og æfa [leiðtogahegðun](#) hér.

Þátttakendur skrifa stutta skýrslu („Virknir skýrslu“ / „Þátttöku skýrslu“) um eigið framlag til námskeiðsins mánuðinn á undan. Skilið PDF skjali í TurnitIn 1. mars, 1. apríl og 2. maí. Ég mun svo nota þau og það sem ég sé á vefnum til að gefa einkunn fyrir þennan hluta. Þegar ég tala um um þátttöku þá á ég við:

- **Leiðtogahegðun:** Hvernig styður þú við nám samnemenda þinna, ferð á undan með góðu fordæmi og allt það sem er hér fyrir neðan.
- Að hvetja og styðja við hina þátttakendurna með uppbyggjandi viðbrögðum við því sem þeir setja á vefinn og taka umræðuna þegar þeir bjóða upp á það, hvort sem það er á FaceBook, námskeiðsvefnum eða námsbrautarvefnum.
- **Benda okkur á gagnlegt efni,** annað hvort með stuttri færslu á FB, bloggfærslu á námskeiðsvefinn eða slóð með skýringu í gegnum Diigo (það birtist þá í hópnum okkar og á forsiðu námskeiðsvefsins)
- **Skipuleggja og halda utan um** þriðjudagsfund (ákveða byrjun, kennsluáðferðir og leiða atburðinn)
- **Skrifa fundargerð** (þar sem þú segir frá skipulagi, kennsluáðferðum og stutt um innihald þriðjudagsfundar eða staðlotu 2)
- Annað sem þér dettur í hug að **miðla, deila** með okkur, **fá okkur til að tala um** o.s.frv. á námskeiðinu
- Taka þátt í og styðja við umræður í tengslum við þemu námskeiðsins, t.d. í lokuðu umræðupráðunum.

Þátttaka á námskeiðinu snýst sem sagt um alls konar athafnir sem snúast um að gera námskeiðið betra og áhugaverðara fyrir okkur öll; deila, miðla og hvetja af gjafmildi. Það eru allt hlutir sem einkenna leiðtoga! OG ekki gleyma þátttaka þín á vefumhverfi námskeiðsins er tækifæri fyrir þig að æfa þig í hlutum sem nútíma leiðtogi gerir.

**Þátttöku- eða virkniskýrslan** snýst um þátttöku þína í námssamfélaginu á vefnum, um að ígrunda hvað þú hefur gefið af þér í námssamfélagið og hvernig þú hefur nýtt tækifærið til að æfa "leiðtogahegðun" í hópnum. Hámark 1 bls.

Skilahólf: [TurnitIn](#)

### Skiladagar

- 1. mars
- 1. apríl
- 1. maí

## F. Skrifa námskeiðslýsingu

Hluti af verkefninu að [Útbúa námskeiðsmöppu](#) en er unninn og birtur sérstaklega áður en þú skilar möppunni.

### Tilgangur

Þjálfast í því að setja sig í spor væntanlegra þátttakenda og sjá hvaða gagn þeir hafa af væntanlegu námsferli. Æfa sig í því að kynna námskeið og einnig að fá viðbrögð við aðalverkefninu frá samstúdentum.

### Lýsing

Skrifaðu námskeiðslýsingu sem gæti verið sett í auglýsingu um námskeiðið þitt. Finndu út hvað menn mæla með að standi í námskeiðslýsingu (finndu a.m.k. 2-4 leiðbeiningar, greinar, bókakafla) og nýttu hugmyndirnar til að skrifa námskeiðslýsingu. Settu lýsinguna snyrtilega fram og vistaðu á í bloggfærslu þar sem þú segir frá hvað þú lærðir um gerð námskeiðslýsingar. Láttu tilvísun í þá sem þú studdist við fylgja með auglýsingunni OG vistaðu slóðir í heimildir þínar á Diigo með taginu: Auglýsingatexti.

### Námsmat

Hversu skýr er námskeiðslýsingin, Inniheldur lýsingin helstu nauðsynlegu atriði. Að hve miklu leiti er greinilegt að námskeiðið er kynnt með

hag væntanlegra þátttakenda í huga. Hversu skýrt og snyrtilega er lýsingin sett fram.

#### Skiladagur:

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)

## G. Bókarýni

Lesið bók sem fjallar um eitthvert meginþema námskeiðsins og skrifið bókadóm um bókina og skilið á sem blogg færslu á námskeiðsvefinn.

### Tilgangur

Þátttakendur þjálfist í því að lesa fræðibækur á gagnrýninn hátt og gera grein fyrir efni þeirra og framlagi til fræðanna á stuttan og skilmerkilegan hátt.

### Lýsing

Skrifið bókarýni um bók um efni sem er nátengt viðfangsefni námskeiðsins. Það er um að gera að ræða um bókavalið við kennara. Bókarýnin er hugsuð sem hjálp fyrir aðra nemendur á brautinni og almenning sem vafrar in á vef námsbrautarinnar og vill fræðast um kennslufræði fullorðinna.... Þú ert sem sagt að skrifa fyrir aðra, fyrir fólk sem hefur áhuga á fullorðinsfræðslu og þú ert að skrifa til að hjálpa því að átta sig á bók sem þú hefur lesið.

- Lesið um ritun bókarýni á netinu. ([Dæmi um leit](#): takið eftir leitarorðunum)
- Finnið leiðbeiningar um ritun bókarýni í einhverju [fræðilegu tímariti](#). Öll fræðirit gefa út leiðbeiningar fyrir höfunda, meðal annars um bókarýni. Þar kemur fram hvernig ritstjórar þess ætlast til að fólk skrifi og skili bókaryninni.
- Veljið fyrirmæli frá einu tímariti,
- farið eftir þeim og
- setjið tilvísun í fyrirmælin neðst í bókarynina.
- Nýtið síðan það að þið eruð á námskeiði og eruð að vinna með fleira fólki, fáid kollega úr námskeiðinu til að lesa og gagnrýna... hjálpist að við prófarkalsetur.

### Nauðsynlegar upplýsingar

- Hefðbundnar bókfræðiupplýsingar um bókina
- Mynd af bókinni
- Mynd af höfundinum
- Stutt um höfundinn og hvað annað hann/hún hefur birt (stutt yfirlit)
- Fjöldi tilvitnana í bókina ([Sjá leiðbeiningar hér](#))

### Efni samkvæmt lýsingu tímarits um bókarýni

Svo kemur það sem tímaritið biður um í bókarynina: Umfram upplýsingarnar hér fyrir ofan bætir þú við öllu því sem kemur fram í lýsingunni sem farið er eftir.

### Frágangur:

- Spáið í að þið eruð að skrifa fyrir almenna lesendur og textinn birtist á opnum vef
- Spáið í stærð mynda
- Setjið slóð í leiðbeiningar í lok færslunnar ásamt texta um að leiðbeiningar séu fengnar þaðan.
- Lengd: Eins langt og þarf til að gera efninu þokkaleg skil

### Lokaskrefið

Að lokum er málið að koma þessu verkefni inn í umræðuna á námskeiðinu sjálfu. Birta bókadóminn sem blogg færslu á námskeiðsvef námskeiðsins.

Til viðbótar við bókadóminn sjálfan skrifar þú stuttan texta sem sýnir:

- Hvernig bókin tengist þemum námskeiðsins
- Hvert þér finnst framlag bókarinnar vera til einhvers þema sem við höfum verið að takast á við á námskeiðinu?

Vistið þessa færslu undur flokknum „Verkefni“ og með viðeigandi tögum

### Námsmat

Hversu vel þú ferð eftir leiðbeiningum um ritun bókadóma, bæði formlega og innihaldslega.

- Eru allar Bókfræðiupplýsingar?

Innihaldslega skoðum við:

- lýsingu á höfundi,
- lýsingu á bókinni í heild og
- staðsetningu hennar í fræðaheiminum.
- Endursögn þín á innihaldi er metin og hversu vel rýnir þú í bókina, þar erum við að leita að gagnrýnu sjálfstæðu viðhorfi rökstuddu á grundvelli annars sem þú hefur lesið.



Þetta er spurning um að staðsetja bókinana í tengslum við önnur rit um sama efni, meta á gagnrýninn hátt efnistöð, skýrleika, hugmyndir og að hversu miklu leiti höfundir tekst ætlunarverk sitt... svo eitthvað sé nefnt.

#### Skiladagur:

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)

## H. Kynntu þema á vefundi

### Tilgangur

Þátttakandi setur sig sérlega vel inn í eitt þema námskeiðsins og æfist í að velja aðalatriði, endursegja annarra hugmyndir, greina og meta á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt.

### Lýsing

Þátttakandi / þátttakendur lesa sig inn í eitt þema námskeiðsins og 1) útbúa stutta kynningu (10-12 mínútur) sem hann/hún/þau kynna á vefundi, kynninguna má líka taka upp, birta á námskeiðsvefnum þannig að þátttakendur eru búnir að hlusta á vefundinum. 2) Stuðla að umræðum í kring um þemað á vefundinum og/eða á námskeiðsvefnum. 3) Skrifa blogg færslu um þemað.

### Þetta getur verið

#### A) Nálgun við skipulagningu fræðslu

- Caffarella
- Design Thinking
- Business model Generation
- Instructional Designe
- aðrar nálganir

#### B) Kennslufræðilegt viðfangsefni eins og

- Upphaf námskeiðs
- Mótun félagslegs umhverfis
- Skipulagning og stjórn áþreifanlegs umhverfis
- Hvernig fær maður fólk til að taka þátt / vera virkt á námskeiði / lesa heima / axla ábyrgð á námi sínu
- Notkun félagsmiðla í námi og kennslu
- Hvernig vekur maður og viðheldur áhuga fullorðinna námsmanna
- Hlutverk leiðbeinenda í námi fullorðinna

#### C) Áhrif tiltekinna námskenninga á skipulag kennslu:

- Hvernig áhrif hefðu hugmyndir hugsmíðahyggju á skipulagning náms fyrir fullorðinna
- Hvers vegna væri áhugavert að láta hugmyndir [Knud Illeris](#) um nám fullorðinna hafa áhrif á skipulagningu námsferla. Hvernig myndu þær nýtast á áþreifanlegan hátt við skipulagningu náms?
- Hvernig væri hægt að nota hugmyndir George Siemens um Connectivisma við að skipuleggja nám. Hvers vegna væri það áhugavert, hvaða afleiðingar gæti það haft á námið?

- aðrir... Gagné, Carl Rogers, Mezirow....

Um er að ræða að lesa sig inn í viðfangsefnið og kynna það á áhrifaríkan hátt. Hafandi í huga að vera hagnýtur en jafnframt sýna fagmannlega gagnrýni

#### D) Stór þemarannsókn hóps

Myndaðu hóp (2-4 meðlimir) sem skoðar afmarkað viðfangsefni með n.k. vettvangsrannsókn:

- **Hvernig fer kennsla fram í fullorðinsfræðslu á Íslandi?** Meðlimir hópsins fá að fylgjast með kennslu á nokkrum stöðum á landinu, gera stuttar skýrslur um það sem fram fór, bera saman bækur sínar og gefa skýrslu á vefundi. 1) Skýrsla í formi Bloggfærslu og upptöku skilað á vef námskeiðsins viku fyrir fundinn. 2) Stjórnun umræðna á fundinum.
- **Hvernig er góð kennsla á netinu skipulögð?** Þátttakendur skrá sig á nokkur netnámskeið og fylgjast með og/eða taka þátt eins og þeir hafa löngun og tíma til. Skrá hjá sér skipulag námskeiðsins, bera saman bækur sínar og kynna niðurstöður á vefundi. 1) Skýrsla í formi Bloggfærslu og upptöku skilað á vef námskeiðsins viku fyrir fundinn. 2) Stjórnun umræðna á fundinum.

#### Námsmat

Kynningin: Framsetning, innihald og flutningur

Blogg: Uppbygging færslunnar, framsetning, ytra form, heimildaskráning.

#### Skiladagur:

Semdu við kennara um dagsetningu þar sem þú notar vefund til að fjalla um efnið. Viku eftir vefundin birta flytjendur blogg færslu um þemað með slóð í kynninguna og stuttri frásögn um umræður á vefundinum. Önnur leið er að taka kynningu upp, birta á námskeiðsvefnum og koma af stað og viðhalda umræðum á vefnum um innihald kynningarinnar.

## I. Ritryni rannsókgreinar

Þetta verkefni felst í því að finna ritrynda fræðigreina/rannsóknargrein (helst erlenda grein – [lestu hér um það hvernig þú finnur þær](#)) sem fjallar um eitt afmakað efni sem tengist einhverju þema námskeiðsins sem þú tekur þátt í, gera grein fyrir greininni, niðurstöðum hennar og framlagi til fræðanna og hvernig niðurstöðurnar tengjast umræðunni á námskeiðinu.

### Tilgangur

Þátttakandi þjálfast í að finna áhugaverðar, og gagnlegar rannsóknargreinar sem tengjast viðfangsefni námskeiðsins, sömuleiðis æfist hann/hún í að lesa og endursegja rannsóknir annarra.

### Lýsing

Þátttakandi [finnur](#) nýlega rannsóknargrein sem tekur fyrir eitthvað afmarkað efni sem tengist tilteknu þema námskeiðsins. Hér skiptir máli að

- kanna hvar greinin birtist og
- finna út hversu mikið er vitnað í hana
- átta sig á því hvernig greinin talar við fyrri rannsóknir
- endursegja innihald greinarinnar, með áherslu á
  - rannsóknarspurningu,
  - rannsóknaraðferðir,
  - niðurstöður og
  - sérstöðu greinarinnar,
- meta framlag hennar
  - hverju halda höfundar að þeir séu að bæta við í fræðasamfélagið
  - eigið mat á því hvort svo sé
- hvernig hún tengist viðfangsefni námskeiðsins og hvernig hún geti nýst okkur í okkar viðfangsefni

### Þetta þarf að koma fram

1. Hefðbundnar bókfræðiupplýsingar um greinina. Á sama formi og í heimildaskrá, með slóð í greinina. **Feitletrað**

2. Fjöldi tilvitnana í greinina ([Sjá leiðbeiningar hér](#))
3. Stuttur kafli um **höfundinn** (ef þeir eru margir; þá mjög lítið um hvern) og upplýsingar um helstu birtingar aðrar (stutt yfirlit) með slóðum í heimasíður þeirra hjá háskóla eða vinnustað.
4. Endursögn á rannsókninni.
5. Rannsóknarspurning
6. Hverju segjast höfundar bæta við umræðuna um viðfangsefnið
7. Rannsóknaraðferðir
8. Niðurstöður
9. Álit þitt á framlagi greinarinnar til fræðanna?

**Vistaðu** umfjöllunina sem [Bloggfærslu](#) á námskeiðsvefnum undir flokkunum (Category) „Verkefni“ og „Rannsóknargrein“ og með viðeigandi efnisorðum „Tags“. [Smelltu hér til að búa til færslu.](#)

**Lengd:** Eins langt og þarf til að gera efninu þokkaleg skil trúlega samtals 4 -5 síður af texta. **Námsmat**

Nákvæmni í endursögn, gæði bakgrunnsrannsókn, hversu skýrt þátttakandi lýsir aðalatriðum greinarinnar, formið... eru alla upplýsingar til staðar?

- **Kynning** 5% (talglærur settar á vefinn og umræður á fundi / vef eða kynning og umræður á fundi)
- **Skýrsla** 5%

### Skiladagur:

Á fundi munnlega og skriflega c.a. viku eftir fundinn.

## J. Kennsluæfing

### Tilgangur

Þátttakendur fá smá innsýn og æfingu í kennslu fullorðinna, prófi nýjar aðferðir en aðallega að þeir geti lýst eigin kennslu, rökstutt hana og ígrundað. Þátttakendur skila einni stuttri skýrslu sem inniheldur lýsingu og ígrundum um áhorf og eigin kennslu.

Verkefnið er í tveimur hlutum: A) Áhorf og B) Kennslu. Þeir gilda hvor um sig 5% til einkunnar. 10% saman. Skilum verkefnisins er lýst í lið C).

### Lýsing

**A) Áhorf:** Heimsæktu námskeið þar sem kennsla fullorðinna fer fram, hjá símenntunarmið, endurmenntunarstofnun, vinnumálastofnun, fyrirtæki. Þú getur séð um að fá að heimsækja stað sjálf/ur eða fengið kennarann til að nota sín sambönd til að hjálpa þér að finna stað:

- Fylgstu með amk. þremur ólíkum kennslustundum.
- Skráðu það sem þú sérð á þar til gert [eyðublað](#).
- Berðu það sem þú sást saman við reynslu 3-4 annarra þátttakenda á námskeiðinu og
  - Skrifðu síðan um það sem þú sást í skýrslunni.
  - Skilaðu bæði áhorfsblöðunum með skýrslunni.

**B) Skipulegðu og kenndu a.m.k. tvisvar sinnum** eina til tvær kennslustundir, annað hvort í námskeiði sem þú ert að halda, eða fáðu að koma inn í kennslustund, hjá einhverjum kollega þínum eða einhverjum kennara sem þú þekkir eða í símenntunarmiðstöð. Í þessari kennslustund skalt þú prófa einhverja aðferð/ir sem þú hefur lært á námskeiðinu. Það er nauðsynlegt að þú sért að gera eitthvað nýtt, að prófa aðferð eða nálgun sem er ekki hluti af rúttínu þinni. Fáðu einn eða tvo þátttakendur af námskeiðinu, (eða í neyðartilfellum einhvern annan sem getur gefið gagnleg viðbrögð) til að fylgjast með og gefa þér viðbrögð eftir á - aðeins jákvæð.

**C) Skrifðu skýrslu:** Niðurstaðan úr A og/eða B verður c.a 4-6 síðna skýrsla þar sem þú lýsir:

úr hluta A)

- Upplýsingum um kennsluna sem þú fylgdist með
- Stuttri lýsingu á kennslunni, með áherslu á atriði sem þú tókst sérstaklega eftir
- Tenging þess sem þú sást við eitthvað af því sem þú ert að lesa á námskeiðinu

úr hluta B)

- Lýsing á því sem þú ætlaðir að gera
- Hvernig kennslan varð í raun og veru og
- Hvað kom út úr samtali þínu við kollega þína eftir á, hvað sögðu þau, og hvað lærðir þú á samtalinu
- Niðurstaða: hvað lærðir þú á verkefninu. Markmiðið hér er fyrst og fremst íhugunin um eigin praxis. Hvernig hugsar þú um, greinir frá og rökstyður það sem þú gerir í kennslu. Hér þarftu að nota eitthvað af því sem þú lest á námskeiðinu til að spegla þig í eða nýta á annan hátt við ígrundunina.
- Í skýrslunni um kennslu þarf í lokin að koma smá athugasemd frá þér um það hvað þú hafðir til hliðsjónar þegar þú veittir kollega viðbrögð: Kynntu þér hvernig maður gefur kollegum viðbrögð við kennslu ==> [þetta er dæmi um leit sem gæti komið að gagni](#). Að sjálfsgöðu þarftu að geta heimilda í skýrslunni OG hvers vegna þér þótti þær sem þú notar við hæfi – hér er verið m.a. að spá í gæði og áreiðanleika efnis sem þú finnur á vefnum.

### Námsmat

Skýr framsetning á skýrslunni, skýrar lýsingar á eigin kennslu og áhorfi, rökstuðningur byggður á þinni reynslu og studdur hugmyndum og kenningum sem þú hefur kynnst í náminu. Snyrtileg framsetning skýrslu, málfar, heimildavísanir.

### Skiladagur:

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)

## K. Lýsa kennsluaðferðum

### Tilgangur

Þátttakendur þjálfist í því að lýsa kennsluaðferðum, meta þær og greina. Markmiðið er að þjálfast í því að hugsa skýrt og gagnrýnið um kennsluaðferðir, útfærslu þeirra og notkun.

### Lýsing

Finndu þrjár aðferðir sem henta við kennslu fullorðinna – úr bók, úr eigin aðferðasafni eða af vefnum...

- Lýstu aðferðinni með eigin orðum í þar til gert form.
- Flokkaðu aðferðina, þannig að það sé hægt að sjá undir hvaða kringumstæðum eða við hvaða hluta námskeiðs er gagnlegt að nota aðferðina (upphaf, endi, upprifjun, úrvinnslu námsefnis, umræður, hópvinnu, námskeiðsmat, heimfærsla o.s.frv.) og
- Rökstyddu hvers vegna aðferðin nýtist til að ná tilætluðum árangri. Útskýrðu hvaða mannskilningur liggur að baki aðferðinni og hvaða áhrif má reikna með að hún hafi fyrir einstakling og hóp.

Aðferðalýsingin birtist á opnum hluta námskeiðsvefsins, enda er hugmyndin að þið setjið ykkur í þær stellingar að vera að skrifa fyrir aðra sem kenna fullorðnum.

Lýsingin þarf að innihalda lýsingu á markmiðum aðferðarinnar, hvaða tilgang hún hefur og undir hvaða kringumstæðum passar að nota hana. Þá þarf að lýsa henni þannig að annar kennari geti framkvæmt hana. Ef þátttakendur þurfa einhverjar leiðbeiningar á pappír til að framkvæma það sem er verið að bjóða þeim uppá, þarf viðkomandi blað að fylgja með sem Word skjal / pdf eða ....

Hjálpargögn og lesefni

- [Lestu gögnin í þessari möppu](#)
- Taktu eftir reitum í sniðmátinu
- Kjörið er að lesa grein Müller "[Methodik](#)" um val á aðferðum í tengslum við þetta verkefni.
- Þá er umfjöllun Ingvars Sigurgeirssonar í "Litróf kennsluaðferðanna" ómissandi hvað þetta snertir. Einkum flokkunarkerfi hans.

### Námsmat:

Val á aðferð (Hversu vel hentar hún fullorðnum), flokkun, lýsing, kennslufræðilegur rökstuðningur, gagnrýnið metandi viðhorf, vel læsilegur texti.

### Skiladagur:

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)

## L. Taktu þátt í námsferli

### Tilgangur

Með þessu verkefni er markmiðið að fá fyrstuhandar reynslu af einhverju námsferli og skoða það í ljósi þess sem við erum að læra á þessu námskeiði. Með því að taka þátt og skoða námsferlið með augum kennslufræðinnar eru líkur á að þú sjáir annað en þú hefur séð annars.

- Skráðu þig á stutt námsferli og prófaðu að taka þátt t.d. í:
- Starfssamfélagi á vefnum
- Stuttu námskeiði í gegnum tölvupóst
- MOOC (ókeypis vefnámskeið)
- Vefstofu (Webinar)
- Námskeiði á staðnum
- Ráðstefnu
- ...

### Lýsing

Gerðu grein fyrir námsferlinu með Bloggfærslu á námskeiðsvefinn

#### Þetta þarf að koma fram:

- Ljósmynd??
- Nafn og stutt lýsing með dagsetningum osfrv
- Slóð í upplýsingar
- Lýsing
  - Markmið
  - Form
  - Aðferðir
  - Upphaf / Endir
  - Kennsluaðferðir
- Greining
  - Tenging við námsefni / námskenningar / sögu... annað
  - Uppbygging
  - Kennsluaðferðir; hverjar, tilgangur, notkun, hversu vel heppnað
  - Stuðningur við nám
  - Námssamfélag
- Mat
  - Samanburður við kenningar / leiðbeiningar
  - Persónulegt mat:
    - Skemmtlegt - Leiðinlegt
    - Innihaldsríkt - Lítið innihald
    - Lærdómsríkt...
    - Þetta tek ég með mér

## M. Þjónustuverkefni

Þátttakendur skipta á milli sín ákveðin þjónustuverkefni í tengslum við námskeiðið:

- Undirbúningur og fundarstjórn veffundar
- Tæknileg stjórn veffundar
- Skrifa fundargerð með kennslufræðilegri lýsingu á fundinum.
- Skipulagning og stjórnun annarrar staðlotu
- Tæknilegur stuðningur fyrir fjarnema á staðlotu eitt og tvö
- Skrifa fundargerð eftir staðloturnar
- Styðja markvisst við umræður á umræðuþráðunum og draga umræðurnar saman í bloggfærslu.

### Tilgangur

Þátttakendur þjálfast í ýmsum hagnýtum þáttum þess að leiða námsferla og geta tjáð sig um þá á skýran og gagnrýninn hátt.

### Lýsing

Þátttakendur skipta á milli sín að vinna ákveðin "þjónustuverkefni" í tengslum við námskeiðið:

- Undirbúningur og fundarstjórn veffundar
- Tæknileg stjórn veffundar
- Skrifa fundargerð með kennslufræðilegri lýsingu á vefundi.
- Skipulagning og stjórnun annarrar staðlotu
- Tæknilegur stuðningur fyrir fjarnema á staðlotu
- Skrifa fundargerð eftir staðlotu
- Styðja við og halda umræðu gangandi á FB og námskeiðsvefnum

Þátttakendur undirbúa og vinna verk sem nýtist samnemendum á námskeiðinu. Málið er að reyna að vinna verkið eins vel og mögulegt er. Og skrifa stutta skýrslu með því að gera:

Gátlista á Wiki á námsbrautarvefnum sem nýtist nemendum sem vinna svipuð verkefni síðar

Stutta skýrslu um hvernig verkið gekk og hvernig svona verk nýtist almennt til að styðja við nám fullorðinna. Birta sem Blogg á námskeiðsvefnum, með slóð í gátlistann á Wiki vefnum

### Skilasvæði

- [Wiki um þjónustuverkefni](#)
- Bloggfærsla á [námskeiðsvefnum](#)
- Öll verkefni skilast líka í [Turnitin](#)

## Um...

### Verkefnaskil

Vinsamlega lesið þetta [um-verkefnaskil](#)

Hér finnið þið skilahólf fyrir verkefni ATH Skráið ykkur inn með HÍ netfangi og lykilorði

### Leiðsagnarmat

Á námskeiðinu er boðið upp á [leiðsagnarmat](#).

Skilaðu verkefninu til mats, breyttu því og skilaðu því til einkunnar.

### Dagsetningar

Hér má finna allar dagsetningar, einnig fyrir skil á verkefnum.

- [Sjá skiladagsetningar hér](#)